

Fimmtudaginn 13. maí 1982.

Nr. 192/1981. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Þórði Bjarna Sigfússyni

(Jón Hjaltason hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Árni Pálsson, fulltrúi sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Máli þessu var áfrýjað að ósk ákærða með stefnu 14. ágúst 1981. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd. Ágrip barst Hæstarétti 18. desember 1981.

Ríkissaksóknari hefur með bréfi til Hæstaréttar, dagsettu 26. apríl 1982, lýst því yfir, að af hálfu ákærvalds séu niður felldar úr öllum ákæruskjölum í máli þessu tilvitnanir í 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann með þeim breytingum, sem leiða að ofangreindu bréfi ríkissaksóknara að því er varðar heimfærslu brota til lagaákvæða.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 2.500.00 krónur.

Það athugast, að í héraðsdómi gætir nokkurrar ónákvæmni. Við lýsingu brots, sem ákært er fyrir með ákæruskjali 30. júlí 1980, er ártal ekki tilgreint, heldur aðeins dagsetningin 29. september, en ártalið er 1979. Við lýsingu brots, sem ákært er fyrir með ákæruskjali 27. mars 1981, er ártalið ekki tilgreint, heldur aðeins dagsetning 9. ágúst, en ártalið er

1980. Dagsetningar og ártöl eru rétt greind í ákæruskjölum, og við flutning málsins fyrir Hæstarétti var engum athugasemdum hreyft vegna ónákvæmni þessarar, enda réttar dagsetningar samkvæmt ákæruskjölum lagðar til grundvallar í málflutningi.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Þórður Bjarni Sigfússon, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 2.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Eyjafjarðarsýslu 22. maí 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. maí sl., er höfðað með þremur ákæruskjölum ríkissaksóknara, dagsettum 10. ágúst 1979, 30. júlí 1980 og 27. mars 1981, á hendur Þórði Bjarna Sigfússyni mælingamanna, Syðra-Laugalandi, Öngulstaðahreppi í Eyjafirði, fæddum 30. nóvember 1937 að Geirlandi í Kirkjubæjarhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu, „fyrir að aka mánudaginn 23. apríl 1979 undir áhrifum áfengis bifreiðinni A 5188 frá Hótel KEA á Akureyri heim á leið, uns lögreglumenn stöðvuðu aksturinn á Norðurlandsvegi skammt sunnan Ferðanestis.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 1. nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfisviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

„... fyrir að aka laugardaginn 29. september 1979 undir áhrifum áfengis bifreiðinni L 1376 frá Hótel Loftleiðum við Reykjavíkurflugvöll áleiðis til Mosfellssveitar, uns lögreglumenn stöðvuðu aksturinn á Vesturlandsvegi.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 1. nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-
leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr.
áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

„... fyrir að aka laugardaginn 9. ágúst 1980 undir áhrifum
áfengis bifreiðinni R 57412 frá Skálavík áleiðis til Bolungarvíkur,
uns lögreglumenn stöðvuðu akstur ákærða á Skálavíkurheiði á
móts við sæluhúsið.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr.
umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr.,
sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-
leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr.
áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1962 16/4 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21., 16.,
og 44. gr. áfengislaga.
- 1970 27/5 í Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á 248. gr.
hegningarlaga.
- 1974 1/3 í Reykjavík: Sátt, 16.000 kr. sekt fyrir brot á 25.
gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 4 mán.
- 1975 14/11 í Reykjavík: Dómur: 25 daga varðhald fyrir brot á
25. og 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga.
Sviptur ökuleyfi ævinlangt frá 14/11 1975.
- 1979 9/3 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.
- 1980 6/10 í Reykjavík: Dómur: 360.000 kr. sekt fyrir brot gegn
25. og 41. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga.
Sviptur ökuleyfi ævilangt.

Málavextir.

1.1.

Mánudaginn 23. apríl 1979, kl. 2255, voru lögreglumennirnir
Matthías Einarsson, Karl Kristjánsson og Daníel Snorrason á
eftirlitsferð í lögreglubifreiðinni A 400 á Norðurlandsvegi fram-
an Akureyrar. Stöðvuðu þeir akstur bifreiðarinnar A 5188. Höfðu
þeir tal af ökumanni bifreiðarinnar, sem er ákærði í máli þessu,
lagði áfengislykt frá vitum ákærða, og sýndist lögreglumönnum,
að ákærði væri undir áhrifum áfengis. Var ákærði því færður á
lögreglustöðina, þar sem honum var tekið blóðsýni til alkóhól-
ákvöðunar.

Þriðjudaginn 24. apríl 1979 var tekin skýrsla af ákærða hjá
lögreglunni á Akureyri. Ákærði kveðst hafa farið á barinn á

Hótel KEA mánudagskvöldið 23. apríl og verið þar af og til frá kl. 1900 til 2300. Ákærði kveðst hafa neytt áfengis, en kveðst ekki geta tilgreint nákvæmlega, hve mikið það var. Ákærði kveðst hafa ekið bifreiðinni A 5188 frá Hótel KEA, þar til lögreglan stöðvaði hann á Norðurlandsvegi. Kveðst ákærði ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Ákærði kveðst hafa verið öku-réttindalaus við aksturinn. Niðurstaða alkóhólákvörðunar í blóði ákærða með gasgreiningu á sálu reyndist 1.58‰.

Með vísan til niðurstöðu alkóhólákvörðunar í blóði ákærða, skýrslu lögreglunnar svo og framburðar ákærða um áfengisneyslu sína umrætt kvöld þykir sannað, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, er í ákæru greinir. Telst háttsemi ákærða varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978. Ákærði kveðst í skýrslu hjá lög-reglu 24. apríl 1979 ekki hafa ökuréttindi, þegar hann ók í fram-angreint sinn. Af ákæruvaldsins hálfu er ekki gerð sérstök refsikrafa vegna þessa. Með vísan til 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála verður ákærða því ekki dæmd refsing vegna þessa. Að öðru leyti verða kröfur ákæruvaldsins teknar til greina.

1.2.

Laugardaginn 29. september, um kl. 0145, voru lögreglumenn við umferðareftirlit á Vesturlandsvegi á vegaeftirlitsbifreiðinni R 2001. Veittu þeir þá athygli bifreiðinni L 1376, þar sem henni var ekið áleiðis í Mosfellssveit. Stöðvuðu þeir akstur bifreiðarinnar, og virtist þeim ökumaður áberandi ölvaður. Aðspurður kvaðst ökumaður heita Þórður Bjarni Sigfússon, sem er ákærði í máli þessu. Aðspurður kvaðst ákærði hafa drukkið nokkur glös af vodka á Hótel Loftleiðum, en þaðan hafi hann verið að koma. Ákærði kveðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Var ákærði færður í slysadeild Borgarspítalans til töku blóðsýnis til alkóhólákvörðunar.

Miðvikudaginn 16. júlí 1980 kom ákærði fyrir sakadóm Reykjavíkur, kveðst hann þá hafa fundið til áfengisáhrifa við akstur bifreiðarinnar L 1376 í framangreint sinn. Niðurstaða alkóhólákvörðunar í blóði ákærða reyndist 2.78‰.

Með vísan til niðurstöðu alkóhólákvörðunar í blóði ákærða, skýrslu lögreglunnar svo og framburðar ákærða þykir sannað, að

hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í ákæru greinir. Háttsemi ákærða er í ákæruskjali færð til rétttra refsíákvæða, og verða því kröfur ákæruvaldsins teknar til greina.

1.3.

Laugardaginn 9. ágúst var tilkynnt til lögreglunnar í Bolungarvík um ölvaða menn á bifreið í Skálavík. Lögreglumennirnir Valdimar Guðmundsson og Ingvar Kristjánsson óku áleiðis í Skálavík til að athuga málið. Er þeir voru á Skálavíkurheiði, mættu þeir bifreiðinni R 57412 og stöðvuðu hana. Var ökumaður, sem er ákærði í máli þessu, færður á lögregluvarðstofuna, þar sem tekið var úr honum blóðsýni til alkóhólákvörðunar. Aðspurður kvaðst ákærði hafa neytt áfengis í Skálavík, en gat ekki sagt til um, hversu mikið það var. Ákærði kveðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Priðjudaginn 17. febrúar 1981 var ákærði yfirheyrður hjá lögreglunni á Akureyri vegna framangreinds aksturs bifreiðarinnar R 57412. Kveðst ákærði hafa ekið bifreiðinni frá Skálavík, þar til lögreglan stöðvaði hann á Skálavíkurheiði. Ákærði kveðst hafa gert sér grein fyrir, að hann hafi drukkið það mikið áfengi, að það væri yfir leyfilegum mörkum. Hann kveðst hins vegar ekki muna, hvort hann hafi fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Niðurstaða alkóhólákvörðunar í blóði ákærða reyndist 2.93%.

Með vísan til framburðar ákærða um áfengisneyslu svo og annarra gagna málsins þykir sannað, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, er í ákæru greinir. Háttsemi ákærða er í ákæru færð til rétttra refsíákvæða, verða því kröfur ákæruvaldsins teknar til greina.

2.0.

Refsíákvörðun.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur 6. október 1980 var ákærði sviptur ökuleyfi ævilangt og gert að greiða kr. 3.600.00 í sekt til ríkissjóðs. Með hliðsjón af 1. mgr. 77. gr. og 1. mgr. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 45 daga. Það athugast, að lögreglumaður sá, sem tók skýrslu af ákærða 17. febrúar 1981, gætti eigi 4. mgr. 61. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. 1. gr. laga nr. 53/1979. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Þórður Bjarni Sigfússon, sæti varðhaldi í 45 daga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 14. maí 1982.

Nr. 261/1981. **Guðrún Ragnars**

Jón Ragnars

Kjartan Ragnars

Ragna G. Ragnars og

Valgerður Ragnars

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

Sverri Ragnars og

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Elíasi I. Elíassyni,

skiptaráðanda á Akureyri

(enginn).

Kærumál. Skipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Með kæru 29. nóvember 1981, sem barst Hæstarétti 15. desember s. á., kærðu sóknaraðiljar máls þessa til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Akureyrar 13. nóvember 1981. Vitnaskju um úrskurðinn fengu sóknaraðiljar 18. nóvember. Kæran er byggð á heimild í 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973.

Mál þetta var flutt munnlega 11. maí sl. eftir heimild í 2. mgr. 31. gr. laga nr. 75/1973.

Dómkröfur sóknaraðilja eru þær, að hinn kærði úrskurður